

*Erindi íbúa í Laugardal dags. 14. desember 2020, um málefni Vöku á Héðinsgötu.*

Kæru fulltrúar íbúaráðs.

Hér koma nokkrar fyrirspurnir varðandi starfsemi Vöku hf. að Héðinsgötu 2.

1. Nú hefur komið fram að Vaka hf. hyggst tvöfalda úrvinnslu bifreiða og reiknar með úrvinnslu allt að 8000 bifreiða árið 2021, úr 4000 árið 2020 skv grein Morgunblaðsins 5. desember 2020.

Hafa fulltrúarnir upplýsingar um:

- a) Skýringar á fjölguninni og hvort að hún tengist synjun annara sveitafélaga á starfsemi fyrirtækisins.
- b) Hvar úrvinnslubifreiðum verði komið fyrir ?

2. Hvernig líst fulltrúunum á upplýsingar um fjölgun úrvinnslubifreiða í ljósi undanfarandi umgengni fyrirtækisins við Héðinsgötu 2?

3. Sú umsókn Vöku um starfsleyfi sem nú er til umfjöllunar er önnur umsókn fyrirtækisins um starfsleyfi að Héðinsgötu 2 en fyrirtækinu var gert að sækja aftur um starfsleyfi þar sem í ljós hafði komið að fyrirtækið braut gróflega gegn þeim forsendum sem það gaf upp í fyrri umsókn. Sjá hlekk hér fyrir neðan og viðhengi.

<https://www.faxafloahafnir.is/wp-content/uploads/2019/10/190924-Fyrirspurn-til-skipulagsfulltr%C3%BAa-Faxafl%C3%B3ahafna-var%C3%B0andi-notkun-H%C3%A9%C3%B0insg%C3%B6tu.pdf>

a) Geta íbúar treyst því sem fyrirtækið segir í nýrri umsókn um starfsleyfi þegar vitað er að það sagði ósatt í veigamiklum atriðum í fyrri umsókn ?

4. Er eðlilegt að íbúar líði fyrir hávaða- og sjónmengun af hálfu einkafyrirtækis og þá áhættu sem stafar af athöfnum fyrirtækis sem hefur ekki gilt starfsleyfi svo mánuðum skiptir?

5. Að lokum óskum við íbúar eftir því að:

a) Tekin sé til umfjöllunar mengun og losun spilliefna sem hefur orðið á svæðinu síðastliðið ár.

b) Að íbúaráð bregðist við bréfi frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu sem sent var á Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlitið og íbúa í hverfinu sem hefur lagt fram kæru vegna starfseminnar, sjá viðhengi þar sem eftirfarandi kemur fram:

*„Ráðuneytið bendir á að í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir kemur skýrt fram að óheimilt er að hefja starfsleyfisskyldan/skráningarskyldan atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út eða starfsemin ekki verið skráð hjá Umhverfisstofnun. Eina undantekningin á þessu er skv. 4. mál. 1. mgr. 6. gr. laganna, þar sem segir að ráðherra sé heimilt að veita tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi. Í 4. mgr. 7. gr. laganna er*

*kveðið á um að útgefandi starfsleyfis skuli innan fjögurra vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir við tillögur að starfsleyfi rann út taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis.*

*Eins og áður segir þá hefur Umhverfisstofnun ákveðið eftirlitshlutverk með heilbrigðisnefndum auk þess sem stofnunin skal vinna að samræmingu heilbrigðiseftirlits í landinu o.fl., sbr. lög nr. 7/1998. Samkvæmt 67. gr. laganna getur Umhverfisstofnun lagt á stjórnvaldssektir vegna brota á banni við að hefja starfsleyfisskyldan atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út. Þá er Umhverfisstofnun einnig heimilt, skv. 1. ml. 1. mgr. 70. gr., að kæra brot á lögnum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra til lögreglu, sjá nánar í 70. gr. laganna. Í ljósi framangreinds beinir ráðuneytið því til Umhverfisstofnunar að stofnunin taki framangreint mál er varðar starfsemi bílapartasölu, bifreiða- og vélaverkstæði og hjólbarðaverkstæði Vöku hf. að Hédinsgötu 2 í Reykjavík til athugunar og leiðbeini Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 eftir því sem tilefni er til í tengslum við málsmeðferð vegna málsins."*

Virðingarfyllt.

Andrea Fanney Jónsdóttir